

GREINARGERÐ

MEÐ FJÁRHAGSÁÆTLUN 2024

Ritstjórn: Fjármálasvið

KÓPAVOGSBÆJAR

FORSENDUR

LAGAUMGJÖRÐ

Fjárhagsáætlun Kópavogsbæjar fyrir árið 2024 er lögð fram og unnin skv. fyrirætlum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Samkvæmt lögunum skal bæjarráð leggja fyrir bæjarstjórn drög að fjárhagsáætlun og skal bæjarstjórn afgreiða fjárhagsáætlun fyrir komandi ár sem og næstu þrjú ár þar á eftir. Saman mynda þessar áætlanir fjögurra ára áætlun fyrir bæinn. Tillögu að fjárhagsáætlun skal skv. lögunum leggja fyrir bæjarstjórn ekki síðar en 1. nóvember og skal fjalla um tillögurnar á tveimur fundum með a.m.k. tveggja vikna millibili. Lokaafgreiðsla fjárhagsáætlunar skal liggja fyrir í síðasta lagi 15. desember. Ákvörðun um útsvarsprósentu þarf þó að liggja fyrir fyrr og skal senda hana innanríkis- og fjármálaráðuneyti, RSK og Sambandinu fyrir 1. desember ár hvert.

Skv. 63. gr. sveitarstjórnarlaga er fjárhagsáætlun komandi árs bindandi regla um allar fjárhagslegar ráðstafanir. Óheimilt er að víkja frá fjárhagsáætlun nema með því að fyrst sé lagður fram viðauki við áætlunina og hann samþykktur í bæjarstjórn. Á það við um allar fjárhagslegar ráðstafanir sem hafa í för með sér breytingar á tekjum, útgjöldum eða tilfærslum milli liða. Samkvæmt áliti Reikningsskila- og upplýsinganefndar (númer 2/2012) þýðir tilfærsla milli liða tilfærslu á milli málaflokka.

Því ber að líta á fjárhagsáætlun Kópavogsbæjar sem fjárveitingu til rekstrar og óheimilt er að víkja frá ákvörðun bæjarstjórnar í þeim efnum.

STEFNUMARKANDI FJÁRHAGSÁÆTLUN

Á árinu 2021 mótaði hvert svið sér stefnu og voru þær samþykktar í bæjarstjórn þann 12.10.2021.

Stefnunum fylgdu aðgerðaáætlanir sviða með mælanlegum markmiðum. Þessar aðgerðir og árangursmælikvarðar voru svo lagðar fram við gerð fjárhagsáætlunar og með hliðsjón af þeim var fjármagni forgangsraðað og bætt við ef þurfa þótti.

Markaði þetta upphaf stefnumarkandi fjárhagsáætlunargerðar hjá Kópavogsbæ.

FJÁRHAGSLEGAR FORSENDUR

Við áætlun tekna bæjarins er stuðst við margvíslegar forsendur, en ekki þarf mikið að bera út af í forsendum til að áætlanir gangi ekki eftir. Horft er til þjóðhagsspár Hagstofu Íslands við gerð áætlunar en einnig horft til nýlegra verðbólguþáa markaðsaðila.

Samkvæmt **þjóðhagsspá** Hagstofu Íslands sem gefin var út í júní 2023 var áætlað að **verðbólga** ársins 2023 yrði um 8,7% og að verðbólga ársins 2024 verði 4,9%. Í nýlegum spám markaðsaðila sem komið hafa fram að undanfögnu staðfesta væntingar um 8,7% verðbólgu á árinu 2023 en spá því að verðbólga ársins 2024 verði um 5,4%. Samkvæmt þjóðhagsspá Hagstofu sem var birt 17. nóvember er áætlað að verðbólga ársins 2024 verði 5,6% og er tekið tillit til þessarar breytingar í fjármagnsliðum. Nánar er fjallað um verðbólgu og verðbólguforsendur í kaflanum um fjármagnsliði.

ÚTSVAR


Á myndinni til hliðar má sjá hver áætlun útsvarstekna sjö síðustu ára var og hún borin saman við niðurstöðu hvers árs. Útsvarsprósentan fyrir árið 2024 verður óbreytt frá 2023 eða 14,70%.

Þegar útsvarstekjur næsta árs eru áætlaðar er fyrst unnin útkomuspá fyrir líðandi ár sem myndar grunn að útsvarstekjum næsta árs. Við það mat er tekið tillit til spár um fjölgun íbúa í bænum, þróun á vinnumarkaði og launapróunar.

Á árinu 2020 var fjölgun í bænum mjög lítil í sögulegu samhengi, eða 373 manns sem gera 0,98%. Á árinu 2021 rétti fjölgunin svo aftur við sér og fjölgaði það ár um 1,74% eða 866 manns. Á árinu 2022 fjölgaði svo um 812 manns eða 2,08%. Við mat á fólksfjölgun í bænum til næstu ára er stuðst við fólksfjöldaspá úr húsnaðisáætlun bæjarins, en þar eru settar fram þrennskónar mannfjöldaspár, háspá, miðspá og lágsþá. Við mat á fjölgun íbúa á árunum 2024 – 2027 er stuðst við miðspána. Í húsnaðisáætlun koma m.a. fram upplýsingar um áætlaðan fjölda íbúða fram í tímann og þar sem allar íbúðir sem koma til sölu í Kópavogi seljast strax má ætla að spá um fólksfjölgun þessara ára sé byggð á raunhæfum forsendum.

Við vinnslu fjárhagsáætlunar 2023 var gert ráð fyrir 2% fjölgun í bænum og að um næstu áramót (31/12/2023) yrðu íbúar Kópavogs 40.606. Í októberlok 2023 er “óleiðréttur” fjöldi íbúa kominn í rétt tæplega 40.500, þannig að vænta má að fjöldinn náist. Við gerð áætlunar 2024 er gert ráð fyrir að **íbúum í bænum** muni fjölga um 2,0% á því ári og íbúar Kópavogs verði 41.418 talsins í árslok 2024.

Atvinnuleysi hefur lækkað verulega frá því Covid faraldurinn stóð sem hæst. Í þjóðhagsspá kemur fram að vinnumarkaður verði í



Þökkalegu jafnvægi og hliðstæðar upplýsingar má lesa úr mánaðarskýrslum Vinnumálastofnunar, hins vegar má sjá af tölum að mikill aðflutningur til landsins er áskorun. Þjóðhagspá gerir ráð fyrir að hlutfallslegt atvinnuleysi verði 3,7% á árinu 2023 en aukist í 4% á árinu 2024 og í 4,1% á næstu árum þar á eftir. Samkvæmt spá fjármálasviðs er reiknað með að þeim fjölgi sem teljast til vinnuafslins vegna fjölgunar íbúa, en að hlutfall starfandi af vinnuafslinu lækki aðeins. Þrátt fyrir það og þrátt fyrir hækkun atvinnuleysis samkvæmt þjóðhagspá er gert ráð fyrir fjölgun starfandi í Kópavogsbæ.

Flestir **kjarasamningar** á almenna markaðnum eru lausir í lok árs 2023 og á næsta ári er einnig fjöldi kjarasamninga opinberra starfsmanna lausir. Við mat á hækkun tekna vegna launabreytinga er notast við forsendur þjóðhagspár.

Almennt gildir, að hækkun launa hefur áhrif á bæði útgjöld og tekjur bæjarins, en útsvarstekjur hækka með hærri launatekjum íbúanna. Útreikningar sem fjármálasvið bæjarins gerði fyrir nokkrum árum sýndu að ef launahækkanir hjá starfsmönnum bæjarins fylgja almennum hækkunum, þá fjármagna hækkanir á almenna markaðinum hækkanir hjá starfsmönnum bæjarins. Á síðustu árum hafa hins vegar laun almennt hækkað hlutfallslega meira hjá sveitarfélögum en á almennum markaði.

Að teknu tilliti til ofangreindra forsendna er áætlað að staðgreiddar **útsvarstekjur** ársins 2024 muni nema um 33,8 milljörðum króna, sem jafngildir um 11% hækkun frá áætlun yfirstandandi árs og 7,61% hækkun frá útkomuspá ársins en vænt útkoma ársins 2023 er um 31,4 milljarðar króna.

FASTEIGNAGJÖLD

Áætlað er að fasteignagjöld skili bæjarsjóði samtals tekjum sem nemi tæpum 8,7 milljörðum króna þegar horft er fram hjá verðbreytingum á sorphirðugjöldum. Þá er reiknað með að hækkun fasteignagjalda á meðal íbúðareign í bænum verði um 5,4%, sem tekur mið af því hvert stefnir með áætlaða verðbólgu ársins 2024. Nánari upplýsingar um einstaka liði er að finna í umfjöllun hér fyrir neðan.

FASTEIGNASKATTUR

Á árinu 2024 verða álagningarhlutföll fasteignaskatta ennþá lækkuð og er það framhald af skattalækkunarferli sem hófst 2013. Á árinu 2024 er gert ráð fasteignaskattar á íbúðarhúsnæði lækki úr 0,17% í 0,165%. Þá lækka vatns- og holræsagjöld bæði fyrir íbúðir og atvinnuhúsnæði.

Lóðarleiga íbúðar- og atvinnuhúsnæðis helst óbreytt.



Fasteignaskattur á íbúðarhúsnæði var lækkaður á yfirstandandi ári og gerir áætlun ársins 2024 ráð fyrir áframhaldandi lækkun.

SORPHIRÐUGJALD

Sorphirðugjöld eiga að standa undir beinum kostnaði við sorphirðu og sorpeyðingu og er þannig beintengt við kostnað fyrir þessa þjónustu.

Verulegar breytingar er verið að innleiða á sorpflokkun og sorphirðu á árinu 2023 og sorpflokkun á landinu öllu samræmd samkvæmt nýjum lögum. Sorp er nú flokkað í fernt: plast, pappa, lífrænt og annað, en áður var sorp hjá Kópavogsbæ flokkað í annars vegar plast og pappa og hins vegar annað. Sorphirðing á plasti og pappa stóð undir sér hjá Kópavogsbæ, þ.e. úrgangurinn var seldur og stóð undir kostnaði við hirðingu og því var sorphirðugjald í raun aðeins vegna hirðingar á óflokkuðu sorpi. Þessar breytingar hafa töluverðan kostnaðarauka í för með sér, bæði í endurnýjun á sorptunnum og einnig í hækkun við sorphirðu. Endurnýjun á sorptunnum er afskrifuð á 14 árum. Þessi hækkun á kostnaði við sorphirðu kallar á verulega hækkun á sorphirðugjöldum hjá bænum.

Fyrir fyrri umræðu lá ekki fyrir hver stór hluti kostnaðar myndi falla á árið 2023 og hve mikið mætti áætla á árið 2024. Á árinu 2023 voru sorphirðugjöld kr. 48.400 á hverja íbúð, með samskonar útreikningi má fá út að meðalkostnaður við sorphirðu á árinu 2024 verði um kr. 62.500 á íbúð.

VATNSSKATTUR

Vatnsskattur lækkar á milli ára úr 0,060% í 0,058% af fasteignamati. Aukavatnsgjald lækkar í samræmi við leiðréttu vísitölu eða um 8,70%.

HOLRÆSAGJALD

Holræisagjald lækkar á milli ára úr 0,065% í 0,059% af fasteignamati.

LÓÐARLEIGA

Lóðarleiga á einingu íbúðar- og atvinnuhúsnæðis helst óbreytt á milli ára. Fyrir íbúðarhúsnæði verður leigan 21,43 kr./m² og lóðarleiga atvinnuhúsnæðis 180 kr./m².

AFSLÁTTUR TIL ELLI- OG ÖRORKULÍFEYRISÞEGA

Tekjumörk vegna afsláttar fyrir elli- og örorkulífeyrisþega hækka um 8,60% milli ára, en það tekur mið af hækkun á launavísitölu frá janúar 2022 til janúar 2023 og breytingu á fjárhæðum lífeyrisgreiðslna frá Tryggingastofnun.

JÖFNUNARSJÓÐUR

Sá hluti af áætlunum Jöfnunarsjóðs sem höfðu borist í lok október 2023 eru færðar inn í fjárhagsáætlun, annað sem ekki hafa borist upplýsingar um hefur verið áætlað með tilliti til stöðunnar í lok september 2023 auk áætlaðra viðbóta sem vænta má vegna aukinnar þjónustu við fatlaða.

GJALDSKRÁR OG KOSTNAÐARVERÐSBREYTINGAR

Við ákvörðun um forsendur þjónustutekna og kostnaðarverðshækkana annars rekstrarkostnaðar var horft til tveggja þátta, annars vegar verðbólguvæntinga í þjóðhagssþá (júní 2023) og hins vegar verðbólgu á yfirstandandi ári, umfram þær verðbólguvæntingar í þjóðhagssþá sem gert var ráð fyrir við gerð fjárhagsáætlunar 2023. Verðbólga samkvæmt þjóðhagssþá er 4,9% fyrir árið 2024 og verðbólga ársins 2023, stefnir í að vera 3,80% umfram það sem áætlað var við gerð fjárhagsáætlunar 2023.

GJALDSKRÁR

Bæjarstjórn samþykkti í júlí 2023 að breyta verklagi og viðmiðum við gjaldskrárbreytingar með það að markmiði að fanga betur kostnaðarverðsbreytingar í rekstri. Breytingar á flestum gjaldskrárm taka því nú mið af uppreiknaðri vísitölu skv. vísitölum Hagstofu Íslands í hlutfalli við vægi einstakra kostnaðarliða í rekstri. Breytt verklag leiðir til þess að gjaldskrár eru endurskoðaðar að jafnaði 2-4 sinnum á ári.

Í tekjuáætlun 2024 eru því í forsendum gert ráð fyrir að gjaldskrár muni hækka um 8,7% að jafnaði á árinu miðað ofangreindar forsendur um þróun verðlags á þessu ári og verðbólguþspá næsta árs. Gjaldskrár verða þó ekki hækkaðar sem þessu nemur um áramót, heldur munu gjaldskrár breytast reglubundið yfir árið samkvæmt breyttu verklagi.

KOSTNAÐARVERÐSHÆKKANIR


Sökum þess að verðbólga yfirstandandi árs hefur verið töluvert meiri en gert var ráð fyrir við gerð fjárhagsáætlunar ársins er gert ráð fyrir að hækkanir á öðrum rekstrarkostnaði (vöru- og þjónustukaupaliðir) séu meri en skv. vísitöluhækkun í þjóðhagssþá á árinu 2024. Í fjárhagsáætlun er almenn hækkun þessara liða á bilinu 7-9,5%, frá áætlun yfirstandandi árs, og fer eftir eðli




kostnaðar en þó eru gjaldaliðir skoðaðir og tekið tillit til gildandi samninga og óhjákvæmilegra verðhækkana. Hækkun gjaldaliða er því mismunandi eftir eðli samninga.

LAUNAÁÆTLUN

Við gerð launaáætlunar er gert ráð fyrir kjarasamningsbundnum launabreytingum. Ef samningar eru lausir er gert ráð fyrir launahækkunum í samræmi við þjóðhagsspá. Í áætlun 2024 er gert ráð fyrir 5,8% hækkun launa.



Á myndinni má sjá laun og launatengd gjöld í hlutfalli við rekstrartekjur. Þetta hlutfall hefur legið í kringum 50% og er áætlað að verði 50,5% árið 2024.



Hér má sjá þróun launakostnaðar frá árinu 2016. Fjárhæðir eru í þúsundum króna og á verðlagi hvers ár.



LYKILTÖLUR¹

Ekki er um miklar sveiflur að ræða í rekstri þegar lykiltölur eru bornar saman á milli ára. Laun og launatengd gjöld í hlutfalli við rekstrartekjur hafa verið ríflega 50% undanfarin ár. Á árinu í ár var áætlað að um 52,5% af rekstrartekjum bæjarins fari í laun og tengd gjöld starfsmanna, sem má rekja til mikilla launahækkana undanfarin misseri. Á árinu 2024 er áætlað að þetta hlutfall lækki örlítið, eða í 51,4%.

Starfsmannakostnaður hjá bænum hefur farið hækkandi jafnt og þétt. Áætlað er að launakostnaður aukist nú um 1.998 m.kr. á milli ára, eða sem nemur um 7,8% hækkun að nafnvirði.


Annar rekstrarkostnaður sem hlutfall af rekstrartekjum lækkar lítillega á milli ára, en um 34,3% af heildartekjum samstæðu fer til að greiða annan rekstrarkostnað.

Skuldir án lífeyrisskuldbindinga á hvern íbúa hafa hækkað lítillega undanfarin ár meðal annars vegna umfangsmikilla framkvæmda á vegum bæjarins en einnig hefur aukin verðbólga áhrif á skuldastöðuna.



Skuldir án lífeyrisskuldbindinga hækka frá fyrra ári. Upphæðir eru á verðlagi hvers árs og eru í þúsundum króna.

Veltufé frá rekstri á hvern íbúa hækkar frá fyrra ári og nemur skv. áætlun næsta árs 122 þús.kr.



Veltufé frá rekstri á hvern íbúa hækkar frá fyrra ári. Upphæðir eru á verðlagi hvers árs og eru í þúsundum króna.

Skatttekjur á hvern íbúa hafa farið vaxandi á milli ára og skv. framlagðri áætlun má gera ráð fyrir að þær verði 962 þús.kr. á íbúa á næsta ári. Hækkunina má helst rekja til að þess er vænst að samkvæmt þjóðhagsþá verði vinnumarkaðurinn áfram sterkur á árinu 2024 og þeim sem eru starfandi fjölgi. Gert ráð fyrir að laun samkvæmt kjarasamningum hækki um 5,8% á milli ára. Einnig eru framlög Jöfnunarsjóðs að hækka samkvæmt áætlunum frá þeim sem og að vænst er aukinna framlaga vegna útgjalda sem framlögunum er ætlað að standa undir.



Á myndinni má sjá skatttekjur í þúsundum króna á íbúa. Þessi upphæð hefur farið vaxandi og er áætlað að verði 962 þúsund krónur árið 2024.

ÁHERSLUR OG VIÐBÆTUR Á EINSTÖKUM SVIÐUM

VELFERÐARSVIÐ

Aðrir liðir í fjárhagsáætlun en þeir sem hér eru nefndir, hafa ekki tekið neinum umtalsverðum breytingum og eru sambærilegir við síðastliðið ár.

ÁRANGURSRÍKUR STUÐNINGUR VIÐ ÍBÚA

Stuðningsfjölskyldur eru eitt þeirra þjónustuúrræða sem gripið er til þegar styðja þarf foreldra, forsjáraðila eða vistunaraðila í uppeldishlutverki sínu, veita þeim hvíld og/eða styrkja stuðningsnet barns eftir því sem við á og auka möguleika barns á félagslegri þátttöku. Á árinu verður lögð áhersla á að fjölga þeim aðilum sem kjósa að taka að sér hlutverk stuðningsfjölskyldna með því að auglýsa með markvissari hætti eftir áhugasömum aðilum og gera umsóknarferlið skýrara.

Haldið verður áfram vinnu við að útfæra og innleiða nýtt skipulag á starfsemi velferðarsviðs með það að markmiði að skipulagsheildin geti mætt sívaxandi þörf fyrir sérhæfingu samhliða samstilltri og skilvirkri þjónustu með áframhaldandi mótun Miðjunnar samræmdrar stuðnings- og stoðþjónustu. Stefnt er á að endurskoðun allra þjónustupátta sem heyra undir Miðjuna verði lokið fyrir 31.12.2024.

Áhersla verður á að auka þjónustu við einstaklinga sem eru heimilislausir með flóknar þjónustuparfir með áframhaldandi samtali og samstarfi við sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu. Áfram verði unnið að útfærslu tillagna um þjónustuna m.a. með því að skoða fýsileika þess að koma á sameiginlegu dagsetri í samstarfi við sveitarfélög innan SSH auk aðkomu sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu að vettvangsteymi sem starfrækt er á vegum Reykjavíkurborgar. Unnið verði að frekari stefnumótun í málaflokknum og áhersla lögð á fræðslu til starfsfólks til þess að efla þekkingu á þjónustu til einstaklinga sem eru heimilislausir með flóknar þjónustuparfir.

Samningur er í gildi við velferðarsvið Reykjavíkurborgar um gistiskýlin að Lindargötu, Aflagrandu og Konukot fyrir íbúa sem eru með lögheimili í Kópavogsbæ en eru heimilislausir með flóknar stuðningsparfir. Vegna hækkunar á gistináttagjaldi er gert ráð fyrir viðbótar fjárheimildum vegna ársins 2024 að upphæð 43.600.000 til þess að mæta umræddum hækkunum. Að jafnaði nýta 10 einstaklingar með lögheimili í Kópavogsbæ gistiskýlin í hverjum mánuði og því gert ráð fyrir mánaðarlegum kostnaði að upphæð 5.000.000 kr.

Áfram verður unnið að þróun **stafrænna lausna** og innleiðingu velferðartæknilausna innan velferðarsviðs með sérstakri áherslu á innleiðingu rafrænnar fjárhagsaðstoðar í samvinnu við stafræn sveitarfélög.

GÓÐ ALMENN FÉLAGSÞJÓNUSTA

Samstarf og samþætting þjónustu við **flóttafólk** verður augin með stofnun samstarfshóps mennta- og velferðarsviðs en mikilvægt er að stuðla að samþættingu þeirrar sértæku þjónustu sem flóttafólki er veitt á grundvelli samnings um samræmda móttöku við aðra grunnþjónustu sem stendur flóttafólki til boða hjá Kópavogsbæ. Þá verður skoðaður fýsileiki þess að gera breytingar á ákvæðum **reglna um fjárhagsaðstoð** þannig að heimilt sé að samþykkja

samgöngustyrki sem hluta af virkri einstaklingsáætlun í málum íbúa á áframhaldandi fjárhagsaðstoð innan samþykktra fjárheimilda.

Fjárhagsaðstoð er lögbundin neyðaraðstoð til íbúa sem eru án framfærslu og miðar að því að styðja þá til sjálfsbjargar. Vegna framkominnar fjölgunar á umsóknum um fjárhagsaðstoð er gert ráð fyrir 9 m.kr. viðbótar fjárheimildum á árinu 2024 en reiknað er með að tekjur aukist um 156 m.kr. og útgjöld um 165 m.kr.

Barnagreiðslur (hluti fjárhagsaðstoðar). Til viðbótar við grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar skal í hverjum mánuði greidd sérstök fjárhagsaðstoð (barnagreiðslur) fyrir hvert barn sem er með lögheimili og á framfæri foreldris sem fær fjárhagsaðstoð til framfærslu. Um er að ræða aðstoð í formi barnagreiðslna sem er ætlað að mæta kostnaði vegna dvalar barna í leikskóla, á frístundaheimilum auk þess að koma til móts við fæðiskostnað barna (skólamáltíðir og síðdegishressing). Fjárhæð á mánuði fari úr 15 þús. krónum pr barn í 30 þús. krónur pr barn. Um þjónustugreiðslur er að ræða sem greiðast til viðkomandi þjónustustofnunar í þágu barna. Áætluð viðbótarfjárheimild vegna þessa eru rúmar 7,8 m.kr. á ári.

Rafræn fjárhagsaðstoð. Gert er ráð fyrir þróun á hugbúnaði, í samstarfi við UT deild, til að auka sjálfvirkni í umsóknarferli fyrir fjárhagsaðstoð. Gert er ráð fyrir 2 m.kr. viðbótarfjárheimild til sviðsins á árinu 2024 vegna þessa.

Ný skrifstofa **félagslegs leiguhúsnæðis** tók til starfa á árinu 2023 í kjölfar breytinga á skipuriti velferðarsviðs. Unnið verður að áframhaldandi innleiðingu og uppbyggingu nýrrar fagskrifstofu með það að markmiði að efla og bæta gæði þjónustunnar. Verkferlar er snúa að móttöku og afgreiðslu umsókna, umsjón biðlista og úthlutunum verða uppfærðir. Reglur um félagslegt leiguhúsnæði verða endurskoðaðar auk eflingar á samstarfi við umhverfisvið er varðar eftirlit með eignum og mat á uppbyggingarþörf.

Á árinu verður lögð áhersla á að skoða fýsileika þess að fjölga **félagslegum leiguíbúðum** hjá bænum og ýmsir möguleikar skoðaðir í þeim efnum m.a. samstarf við félagasamtök.

GÓÐ ÞJÓNUSTA VIÐ FATLAÐ FÓLK OG FJÖLSKYLDUR ÞEIRRA

Á árinu 2018 voru gerðar viðamiklar breytingar á lagaumhverfi velferðarþjónustunnar annars vegar með breytingum á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og hins vegar með nýjum lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Með lagabreytingunum var réttur íbúa á öllum aldri til stuðnings- og stoðþjónustu skýrður, ný réttindi lögfest m.a. notendastýrð persónuleg aðstoð ásamt fleiru.

Á síðastliðnum árum hefur orðið aukning í hópi notenda **stuðnings- og stoðþjónustu**, í heildarfjölda veittra tíma og fjölda og stærð **NPA samninga**. Um er að ræða stuðnings- og stoðþjónustu sem börnum og fjölskyldum er veitt á grundvelli reglna um stuðning við börn og fjölskyldur (vegna fötlunar, veikinda, félagslegra aðstæðna, veikinda o.s.fv.), stuðnings- og stoðþjónustu til fullorðins fatlaðs fólks og beingreiðslu- og NPA samninga við fatlað fólk á öllum aldri.

Til þess að koma til móts við framkomna þörf fyrir stuðnings- og stoðþjónustu til íbúa bæjarins er gert ráð fyrir viðbótar fjárheimildum á árinu 2024 að upphæð 265.000.000 kr. Benda má á að Kópavogsbær er að fá hluta af þessum hækkunum til baka í gegnum endurgreiðslur frá Jöfnunarsjóði.

Miðjan, samræmd stuðnings- og stoðþjónusta tók til starfa á árinu 2023 í kjölfar breytinga á skipuriti velferðarsviðs. Unnið verður að áframhaldandi mótun á vinnulagi og fyrirkomulagi þjónustunnar.

Haldið verður áfram með undirbúning að **stofnun skammtímadvalar** fyrir fötluð börn með það að markmiði að fækka börnum á biðlista eftir skammtímadvöl. Vinnuhópur mun vinna áfram að greiningu á húsnæðiskosti í samstarfi við umhverfissvið og skila niðurstöðum á vormisseri 2024.

Á árinu verður mótuð áætlun um niðurlagningu herbergjasambýlis að Vallargerði en skv. lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir er kveðið á um skyldu sveitarfélaga til að móta sér áætlanir um niðurlagningu herbergjasambýla. Breyting hefur orðið á íbúasamsetningunni sl. misseri og er húsnæðið komið til ára sinna. Áætlun verður unnin í góðu samstarfi við núverandi íbúa og aðstandendur.

GÓÐ ÞJÓNUSTA VIÐ ALDRAÐA OG AÐSTANDENDUR ÞEIRRA

Boðið verður uppá **helgaropnun í félagsmiðstöðvum eldra fólks** til reynslu í 6 mánuði með það að markmiði að draga úr einmannaleika eldra fólks og félagslegri einangrun þess. Gert er ráð fyrir að opið verði einn helgardag í mánuði á hverri stöð og rúmist útgjöld innan fjárheimilda. Verkefnið verður unnið í samstarfi við notendur og hagaðila og metið að reynslutíma liðnum.

BARNAVERND

Skipulögð verður framkvæmd stuðnings sem miðar að því að leiðbeina foreldrum um uppeldi og aðbúnað barna með því að breyta tímavinnustöðugildum í fast starfshlutfall tilsjónaraðila, þegar mál eru unnin skv. ákvæðum barnaverndarlaga hjá barnaverndarþjónustu. Þetta verður til reynslu í eitt ár.

Haldið verður áfram undirbúningi að stofnun sameiginlegs **vistheimilis Barnaverndar** í samstarfi við Hafnarfjörð og Garðabæ. Lögð verður fram skýrsla starfshóps um vistheimilið, auk kostnaðarmats og húsnæðismöguleika, fyrir viðeigandi nefndir og ráð hjá sveitarfélögunum þannig að hægt sé að taka ákvarðanir um mögulegar útfærslur við gerð fjárhagsáætlunar ársins 2025.

Á undanförunum árum hefur **vistunum barna utan heimilis** í sértækum úrræðum á vegum einkaaðila sem og vistanir barna utan heimilis á fósturheimilum fjölgað og kostnaður aukist samhlíða. Um er að ræða hóp barna og ungmenna sem geta ekki búið hjá foreldrum sínum og eru vistuð utan heimilis skv. ákvæðum

barnaverndarlaga og ríkar skyldur hvíla á sveitarfélögum að tryggja viðeigandi úrræði.

Til þess að mæta framkomnum auknum kostnaði við vistanir barna er gert ráð fyrir viðbótar fjárheimildum á árinu 2024 að upphæð 250.000.000 kr. Stærsti kostnaðarliðurinn í þessari viðbótar fjárbörf er kostnaður vegna aðkeyptar þjónustu Klettabæjar þar sem Kópavogsbær hefur þurft að vista einstaklinga og er árlegur kostnað þar ríflega 200.000.000 kr. umfram áætlun.

Ekki er fyrir séð að þessi kostnaður lækki fyrr en mögulega í lok næsta árs. Benda má á að á móti þessum kostnaði er Jöfnunarsjóður að greiða Kópavogsbæ ríflega 100.000.000 kr. og færast þær endurgreiðslur á svið/deild 00 111 og koma því ekki inn til lækkunar hjá barnavernd.

FARSÆLD BARNA

Í launaáætlun 2024 er gert ráð fyrir launum þriggja starfsmanna sem vinna í þágu farsældar barna. Til að mæta þeim kostnaði fær Kópavogsbær framlög frá ríkinu sem eiga að standa undir kostnaðinum að öllu leyti.

MÖTUNEYTIKOSTNAÐUR

Við vinnslu fjárhagsáætlunar kom í ljós að áætlaður kostnaður vegna matvælaþátta í nokkrum **mötuneytum** / kostnaðarstöðvum sviðsins, og einnig í heimsendum mat, var verulega vanáætlaður fyrir árið 2023 og þar af leiðandi yrði að hækka kostnaðaráætlun vegna matvælaþátta töluvert umfram þau viðmið sem lagt var upp með. Á móti kom að tekjuáætlun vegna seldra matvæla var líka vanáætluð og kom það til góða. Ljóst varð að hækkunarpörfin er liðlega 20.000.000 kr. fyrir árið 2024.

Í stað þess að hækka gjaldskrár til að mæta öllum kostnaðinum hefur verið ákveðið að fara þá leið að mæta helmingi hækkunarþarfar með því að hækka tekjur af seldum mat en hinum helmingnum verður reynt að mæta með hagkvæmni í rekstri. Gert er ráð fyrir hækkun pr. máltíð í félagsstarfi og heimsendum mat verði 200 kr. Þessi breyting er óháð samþykkt bæjarstjórnar frá júlí sl. þar sem samþykkt var að gjaldskrár fylgi framvegis þróun á undirliggjandi vísitölum og taki breytingum með reglubundnum hætti.

Á fundi bæjarráðs 19. okt. sl. var samþykkt tillaga um að setja af stað spretthóp sem mun rýna mötuneyti velferðar- og menntasviðs. Hlutverk hópsins verður meðal annars að rýna hvort tækifæri séu til hagkvæmari innkaupa og ná hagræðingu sem nemur þeim kostnaðarauka sem ekki á að mæta með gjaldskrárhækkun.

SAMRÆMD MÓTTAKA FLÓTTAFÓLKIS

Skv. kostnaðarlíkani vegna **samræmdrar móttöku flóttafólks** var áætlað að á grundvelli samningsins væri hægt að ráða viðbótar starfskrafta í 2.5 stöðugildi og því til viðbótar þyrfti 2 stöðugildi í grunnþjónustuna þ.e. afgreiðslu og félagslega ráðgjöf. Gert er ráð fyrir viðbótarfjárheimildum velferðarsviðs árið 2024 til að mæta umræddum 4.5 stöðugildum og afleiddum starfsmannakostnaði. Endurgreiðslur frá ríki á grundvelli samningsins samsvara kostnaði við 2.5 stöðugildi en umframkostnaður bæjarins er skv. kostnaðarlíkani ríflega 31.000.000 kr.

MENNTASVIÐ

Fjárhagsáætlun tekur almennt mið af fyrirliggjandi úthlutunarreglum vegna stöðugilda, yfirvinnutíma, álags sem og annarra þátta. Breytingar geta verið misjafnlega miklar milli skóla og stofnana eftir því hvernig aðstæður breytast á hverjum stað fyrir sig.

HELSTU BREYTINGAR FRÁ ÁÆTLUN ÁRSINS 2023

Hér að neðan er yfirlit yfir þær tillögur um breytingar á fjárhagsáætlun menntasviðs sem lagðar eru til fyrir fjárhagsárið 2024.

Heimgreiðslur. Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2023 var samþykkt að hefja heimgreiðslur haustið 2023. Fyrstu heimgreiðslur voru greiddar í fyrstu viku október vegna september mánaðar en verða greiddar allt næsta ár og hækkar áætlun sem því nemur eða um 126.000.000 kr. Lagt er til að samhliða samþykkt fjárhagsáætlunar verði samþykktar uppfærðar reglur um heimgreiðslur

Dagforeldrar. Gert hefur verið ráð fyrir að árlegur aðstöðustyrkur dagforeldra hækki úr 150.000kr. í 200.000 kr. Kostnaðaraukning vegna þess er innan núverandi fjárheimilda.

Starfsumhverfi leikskóla. Tillögur starfshóps um skipulag og starfsumhverfi leikskóla voru lagðar fyrir bæjarstjórn sl. sumar. Tillögunar tóku að hluta til gildi frá 1. september en var að öðru leyti vísað til fjárhagsáætlunar 2024. Gert er ráð fyrir að fjárhagslegt svigrúm sem breytingarnar skapa verði notað til þess að styrkja starfsumhverfi leikskóla enn frekar. Í því ljósi er gert ráð fyrir að þær tillögur sem vísað var til fjárhagsáætlunar komi til framkvæmda eftir því sem svigrúm skapast innan áætlunar.

Hluti af samráðsáætlun við innleiðingu ofangreindra tillagna starfshóps var að bjóða öllum foreldrum leikskólabarna á foreldrafund. Foreldrafundur fyrir alla leikskóla voru haldnir í ágúst sl. þar sem breytingar voru kynntar og í kjölfarið var opnað fyrir umræður og tillögur um það sem betur má fara. Ábendingar foreldra voru mjög sambærilegar milli funda, en þær sem voru algengastar varða annars vegar gjöld og tekjutengdan afslátt og hins vegar sveigjanleika í skráningu á dvalartíma. Til þess að bregðast við þeim ábendingum er lagt til að:

- Tekjutengdur afsláttur: Reglum um tekjutengda afslætti verði breytt og verður tillaga þess efnis lögð fyrir bæjarráð í seinni umræðu um fjárhagsáætlun.
- Sveigjanleiki í skráningu: Verði aukinn með því að heimilt verði að börn séu skráð í að lágmarki 4 daga í viku í stað 5 daga í viku.

Nemendur með íslensku sem annað tungumál (ÍSAT). Nemendum með íslensku sem annað tungumál (ÍSAT) hefur fjölgað mikið í grunnskólum Kópavogs undanfarin ár og útlit fyrir að svo verði áfram. ÍSAT nemendum fjölgaði um um 57 milli skólaára. Til þess

að bregðast við fjölgun ÍSAT nemenda er óskað eftir að fjárheimild til málaflokksins aukist um 15.000.000 kr. í fjárhagsáætlun 2024 vegna aukins stuðnings.

Mötuneyti leik- og grunnskóla. Vegna mikilla verðlagshækkana á hráefni reynist þörf á að hækka framlög til kaupa á hráefni í mötuneytum leik- og grunnskóla. Vegna viðbótar hækkunar á hráefni fyrir grunnskóla (28.000.000 kr.) er gert ráð fyrir 6,5% hækkun (723 kr. á mánuði) á gjaldskrá fyrir mötuneyti grunnskóla. Þessi breyting er óháð samþykkt bæjarstjórnar frá júlí sl. þar sem samþykkt var að gjaldskrár fylgi framvegis þróun á undirliggjandi vísitölum og taki breytingum með reglubundnum hætti. Gjaldskrá fyrir mötuneyti leikskóla mun aðeins taka breytingum í samræmi við breytingu á undirliggjandi vísitölum. Viðbótar framlög til hráefniskaupa leikskóla (22.000.000 kr.) munu ekki leiða til viðbótar hækkunar á fæðisgjöldum í leikskóla umfram vísitölubreytingar heldur kemur til notkunar hluti þess fjármagns sem breytingar á skipulagi leikskóla hafa skapað.

Á fundi bæjarráðs 19. okt. sl. var samþykkt tillaga um að setja af stað spretthóp sem mun rýna mötuneyti velferðar- og menntasviðs. Hlutverk hópsins verður meðal annars að rýna hvort tækifæri séu til hagkvæmari innkaupa.

Frístundastyrkir. Gert er ráð fyrir að frístundastyrkir hækki um þrjú þúsund krónur á ári, úr 56 þús. kr. í 59. þús. kr. og er áætlaður viðbótarkostnaður vegna þess 15 m.kr. á ársgrundvelli sem kemur sem hækkun á fjárheimild sviðsins.

Virgni og vellíðan. Stefnt er að því að efla enn frekar heilsuefingu og hreyfingu í nærumhverfi eldra fólks, bæði í félagsmiðstöðvum og á heimilum. Á árinu 2024 er gert ráð fyrir kortlagningu verkefnisins.

UMHVERFISSVIÐ

FRAMKVÆMDIR

Ráðist verður í miklar framkvæmdir á vegum Kópavogsbæjar á næsta ári þar sem framkvæmt verður fyrir rúmlega 6 milljarða króna. Að neðan er að finna upptalningu á umfangsmestu framkvæmdunum sem eru fjármagnaðar úr eignasjóði (fyrir 100 m.kr. og hærra)

SKÓLAR OG LEIKSKÓLAR

Nýr **Kársnesskóli** við Skólagerði er í byggingu auk þess sem nýr leikskóli mun rísa samhliða, framkvæmdin klárast árið 2024. Í áætlun 2024 verður 1,5 milljörðum króna varið í byggingu skólans og leikskólans. Framkvæmdir munu hefjast á nýbyggingu **leikskóla við Skólatröð**, áætlað fjármagn er um 350 milljónir króna á árinu 2024 en áætluð verklok er haustið 2025. Á næstu þremur árum er áætlað að verja um 1,8 milljörðum króna í nýbyggingu leikskóla. Hafinn verður undirbúningur á nýjum **leikskóla við Naustavör** og

leik-og grunnskóla í nýju hverfi við Vatnsendahvarf. Þá verða skóla-og leikskólalóðir endurnýjaðar samkvæmt áætlun.

ÍÞRÓTTAMANNVIRKI

Í **sundlaug Kópavogs** er fyrirhugað að byggja kaldan pott og infra-rauða gufu. **Gervigras í Kórnum** verður endurnýjað. Undirbúningi fyrir byggingu **aðalvallar HK** verður haldið áfram og stefnt að því að hefja framkvæmdir á árinu. Byggður verður nýr **gervigrasvöllur vestan Fífunnar**. Þak **íþróttahússins við Digranes** verður endurnýjað. Auk þess verður hefðbundnu viðhaldi sinnt eins og kostur er á öðrum íþróttamannvirkjum bæjarins.

AÐRAR EIGNIR

Á áætlun ársins 2024 er gert ráð fyrir 250 milljónum króna í kaup á **félagslegu húsnæði** en þessir fjármunir eru hugsaðir sem 12% framlag á móti 18% framlagi frá ríkinu. Varið verður 400 milljónum króna í nýtt **búsetuúrræði við Kleifakór** með sjö íbúðum auk þjónustu vegna samnings bæjarins við velferðarráðuneytið vegna Kópavogsbrautar 5a.

Stækkun **hjúkrunarheimilisins Boðáþing** heldur áfram og ráðgert fjármagn er 175 milljónir króna á árinu 2024. Bætt verður við 64 hjúkrunarrýmum og byggingin verður alls 4400 m² að stærð. Áætluð verklok eru 2025 en framkvæmdin er samkvæmt samningi við ríkið sem greiðir 85% af kostnaði á móti 15% framlagi Kópavogsbæjar. Gert er ráð fyrir að verja um milljarði króna í **viðhald fasteigna og lóða** hjá eignasjóði þar sem áhersla verður lögð á fyrirbyggjandi viðhald með umhverfisvænum lausnum. Áætlaðar eru um 330 milljónir til viðhalds og endurbóta **félagslegra íbúða**. Einnig verður unnið markvisst að **bæta loftgæði** í stofnunum bæjarins. Fjármagn til viðhalds verður aukið um 50 milljónir (auk vísitöluhækkana) og 10 milljónir verða settar aukalega í að kortleggja fitugildrur í stofnunum bæjarins.

BETRA UMHVERFI OG UMFERÐARÖRYGGI

Um 1,8 milljörðum króna verður varið í **gatnagerð og skipulagsmál** á næsta ári. Samhliða fjölgun íbúða í sveitafélaginu verður umtalsverðum fjármunum varið í gatnagerð í nýjum og eldri hverfum bæjarins. Á árinu 2024 verður 120 milljónum króna varið í gatnagerð á Kársnesi. Um 230 milljónum króna verður varið í **Samgöngusáttmálann**. Þá verður 133 milljónum króna varið í fræslingu og heilyfirlögn gatna og 152 milljónir nýttar í viðhald og minni malbiksviðgerðir á öllum götutegundum í öllum hverfum bæjarins. Þá verður haldið áfram útskiptingu í umhverfisvænni lampa við götulýsingu. Þá hefst gatnagerð í Vatnsendahvarfi á árinu.

GJALDSKRÁ UMHVERFISSVIÐS

Gjaldskrá umhverfissviðs verður uppfærð miðað við verðlagshækkanir með því að vísitölutengja gjöld sem áður voru ekki vísitölutengd. Öll gjöld verða tengd byggingarvísitölu og uppfærð á þriggja mánaða fresti líkt og aðrar gjaldskrár bæjarins. Bætt er við heimild til þess að lækka gjöld vegna skipulagsmála sem eru umfangslítil og kostnaður óverulegur. Gatnagerðargjald og byggingarréttargjald verður þó áfram reiknað mánaðarlega eins og verið hefur. Þá er lagt til að gatnagerðargjald verði hækkað til að mæta kostnaði í gatnagerð og í samræmi við álagningu í sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Gatnagerðargjald er reiknað sem prósentu af fermetraverði vísitöluhúss Hagstofunnar og er lagt til að prósentu álagningar verði sem hér segir:

Einbýlishús	15% (óbreytt)
Rað-og parhús	12%
Fjölbýlishús	8,4%
Atvinnuhúsnæði, verslun, þjónusta o.þ.h.	10%
Annað húsnæði	10%

STJÓRNSÝSLUSVIÐ

Á málaflokk 21 sameiginlegan kostnað er annars vegar færður kostnaður stjórnsýslusviðs og fjármálasviðs og hins vegar ýmis sameiginlegur kostnaður sem bærinn hefur lítil áhrif á. Sem dæmi má nefna liði eins og kosningar, bæjarráð, bæjarstjórn, áfallið orlof, en slík orlofsskuldbinding tengist öllum starfsmönnum bæjarins og ýmislegt fleira.

ÁBYRG STJÓRNSÝSLA

Ráðist verður í margvísleg verkefni sem styðja við ábyrga stjórnsýslu. Unnið verður með stofnunum Kópavogsbæjar við að undirbúa **skjalavistunaráætlanir** en stefnt er að því að hefja **rafræna varðveislu á gögnum**. Efla á **þjónustu lögfræðideildar** með ráðningu lögfræðings með sérþekkingu á sviði persónuverndarréttar, útboðsmálum og skaðabótarrétti. Hér er ekki um viðbótarstöðugildi að ræða heldur forgangsraðað innan fjárheimildar. Fræðsla og þjálfun starfsfólks er áfram í forgrunni. Þá verður gert átak í **upplýsingaöryggi** með úttekt og umbótavinnu.

STEFNUMÍÐAÐIR STJÓRNARHÆTTIR

Þróa á **matskvarða í sjálfbærni** til að styðja stjórnendur en með því geta stjórnendur metið eigin ákvarðanir út frá sjálfbærni.

MIKILVÆGI MANNAUÐS

Innleiðing **mannauðsstefnu** er fyrirhuguð á árinu hjá stofnunum Kópavogsbæjar. Þá verður hafinn undirbúningur við innleiðingu nýs **mannauðs- og launakerfis**.

FJÖLBREYTT SAMFÉLAG

Menningarframboð verður aukið á árinu með uppsetningu nýs rýmis á fyrstu hæð Bókasafns Kópavogs. Áætlaðar eru 70.000.000 kr. í stofni.

Jafnréttisskimun verður innleidd við töku ákvarðana sem á að stuðla að auknu jafnrétti kynjanna og ólíkra samfélagshópa.

Fjárheimild til **lista- og menningarráðs** til styrkja er lækkuð um 3.000.000 kr. og stofnun **söfnunarsjóðs til útilistaverkakaupa** verður komið á með hækkun fjárfestinga í stofni. Sjóðurinn mun standa í 9.000.000 kr. árið 2025.

HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG

Verkefnið **Velferð á vinnustað** verður innleitt fyrir allt sveitarfélagið. Áætlaðar eru 21.000.000 kr. á árinu 2024 í verkefnið. Barnvænt hagsmunamat á verkefninu **Börnin í fyrsta sæti** verður gefið út. Þá er Kópavogsbær að vinna að því að viðhalda viðurkenningu sem barnvænt sveitarfélag en nýtt stöðumat verður framkvæmt á árinu.

STAFRÆN VEGFERÐ

Þjónustuapp. Bæta á þjónustu við bæjarbúa með áframhaldandi þróun á þjónustuappi og tryggja þannig að bæjarbúar geti haft aðgang að nauðsynlegum upplýsingum og átt í gagnvirku samtali við bæinn. Gert er ráð fyrir tímabundinni hækkun fjárheimildar sviðsins að fjárhæð 5,6 m.kr.

MIÐLUN UPPLÝSINGA

Almannatengill og verkefnastjóri lýðheilsumála munu vinna að því að vekja athygli á Kópavogsbæ sem **heilsueflandi samfélags** og barnvæns sveitarfélags.

FJÁRMÁLASVIÐ

Mikil áhersla hefur verið lögð á öfluga **skýrslu- og upplýsingagjöf** með hagnýtingu tækninnar til að auka sjálfvirknivæðingu í verkefnum sviðsins. Búið er að flytja gögn úr bókhaldi, launakerfi og tímaskráningarkerfi í vöruhús gagna sem er forsenda þess að unnt sé að útbúa powerBi skýrslur. Búið er að útbúa skýrslur um rekstarupplýsingar og vinnumagn og launakostnað, yfirlit yfir STOFN framkvæmdir og ýmsar starfsemisskýrslur s.s. um skil gagna til launadeildar og bókhalds. Á árinu verður lögð áhersla á að **veita stjórnendum aðgang að skýrslum** fyrir sínar deildir / stofnanir og kenna stjórnendum að nýta skýrslurnar. Samhliða verða stjórnendur hvattir til að koma með ábendingar um nýjar skýrslur sem myndi nýtast þeim í starfi.

Markvisst verður unnið að **breytingu á verklagi í bókhaldi og innheimtu**, við afstemmingar o.fl. með aðstoð starfsfólks KPMG. Gert er ráð fyrir tímabundnu viðbótarfjármagni að fjárhæð 20 m.kr. til að vinna að þessum breytingum, annars vegar er það vegna ráðgjafakostnaðar og hins vegar til að unnt sé að ráða starfsmann í bókhaldið sem mun koma í stað starfsmanns sem kominn er í 50% starf og hættir fljótlega vegna aldurs. Það verður því tímabundið 50% umframstöðugildi í bókhaldinu.

Vinna heldur áfram við **þróun lykiltalna**, s.s. einingaverð ýmissa þjónustuliða og kostnað ýmissa þjónustupátta pr. íbúa í bænum, með því að fá inn sumarstarfsmann til að vinna verkefnið. Auk þess verður komið upp sjálfvirkum skýrslum í powerBi til að greina frávik / skráningar sem þarf að skoða.

Unnið hefur verið að því að þróa **rafræna gátt fyrir endurgreiðslu útlagðs kostnaðar** en því líkur væntanlega á árinu 2024. Verkefnið er unnið í samvinnu við UT deild og verður prófað með stjórnendum annarra sviða.

Áfram verður haldið með **breytingu á verklagi við samþykkt reikninga** og ráðgert er að verkefnið klárast á árinu 2024.

Hafinn verður undirbúningur að innleiðingu nýs launakerfis.

Í innkaupadeild er verið að vinna að aukinni skilvirkni í innkaupum sem mun **auka hlutfall innkaupa við samningsaðila**. Verið er að skoða **innleiðingu á vefverslun** fyrir kaup á vörum og þjónustu samningsbirgja með tengingu við bókhald bæjarins. Þarfagreiningu er að mestu lokið en ekki unnt að kostnaðarmeta verkefnið endanlega á þessu stigi.

SAMEIGINLEGUR KOSTNAÐUR

Fjárhagsáætlun tekur mið af því að á árinu 2024 verða forsetakosningar nema núverandi forseti verði sjálfkjörinn. Í áætlun er ger ráð fyrir kostnaði vegna þessa.

Í fjárhagsáætlun 2024 hefur kostnaður vegna nefnda og ráða verið lækkaður um samtals 85 m.kr. Áætlaður kostnaður lækkar þar sem fundatíðni er endurskoðuð, en á undanförunum árum hafa fundir hjá mörgum nefndum verið færri en áætlað var.

Búið að taka frá fjármagn til að mæta heilsárs áhrifum af mögulegum kostnaði / tekjutapi sundlauga við að bjóða starfsfólki að fara ókeypis í sund í laugum bæjarins.

FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD

Eftirfarandi forsendur eru notaðar við gerð áætlunar:

VAXTATEKJUR

Hér eru bókaðar allar vaxtatekjur sem Kópavogsbær fær. Langstærsti liðurinn er reiknaðar vaxta- og verðbótatekjur af fjárbindingu í eignum bæjarins sem gera um 3.581 milljónir kr. og aukast um 862 m.kr. á milli ára. Þessar tölur eru reiknaðar samkvæmt opinberum reglum og mynda grunn að innri leigu stofnana bæjarins.

Við útreikninginn á innri lánum er miðaður við sömu vexti og á fyrra ári og reiknað með að verðbólga verði 4,9% auk vanmats frá 2023 eins og við fyrri umræðu. Aukning tekna hér skilar í samsvarandi hækkun vaxta hjá þeim stofnunum sem verið er að fjármagna. Hluti af innri fjármögnun kemur svo frá Fráveitu og Vatnsveitu, en þar er að safnast upp krafa innan samstæðu sem á að koma á móti fyrirhuguðum framkvæmdum á næstu árum.

Við seinni umræðu um fjárhagsáætlun eru hinsvegar verðtryggð lán sem tekin eru frá utanaðkomandi lánveitendum reiknuð upp með tilliti til þjóðhagspár sem var gefin út 17. nóvember. Við fyrri umræðu var reiknað út frá 4,9% verðbólgu en við seinni umræðu er miðað við 5,6% verðbólgu. Bein áhrif af þessari breytingu þýðir að fjármangslíðir hækka um rúmlega 140 m.kr.

Varðandi aðrar vaxtatekjur, þá er reiknað með að vanskil verði svipuð og á árinu 2023 og að niðurfærsla eldri vaxtatekna verði óbreytt, því verði jafnvægi í inn- og útflæði á þessum lið. Við endurgerðan uppreikning vaxta og verðbóta af eignabréfum kom út lægri niðurstaða en úr fyrri keyrslu og er þessi tekjulækkun tekin inn við seinni umræðu.

TEKJUR AF EIGNAHLUTUM

Hér er gert ráð fyrir ágóðahlutdeild af eign bæjarins í Brunabótarfélaginu. Bærinn hefur ekki fengið arð frá Lánasjóði sveitarfélaga undanfarin ár, er hér því ekki gert ráð fyrir arði frá sjóðnum.

HÚSNÆÐISNEFND KÓPAVOGS

Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir Húsnæðisnefnd Kópavogs (HNK) er gert ráð fyrir 4,9% hækkun húsaleigu milli áranna 2023 og 2024, enda er nú farið að verðleiðrétta leiguna mánaðalega. Leigan í áætluninni er ekki endurreiknuð.

Allnokkuð fé hefur verið sett í viðhaldsliði á undanförnum árum og miklar framkvæmdir hafa verið á vegum framkvæmdasjóða húsfélaga þar sem bærinn á íbúðir. Í þessari áætlun eru viðhaldsliðir látnir halda í við vænta verðbólgu samkvæmt sumarspá Hagstofu.

HLUTDEILD Í FÉLÖGUM SEM BÆRINN BER REKSTRARLEGA ÁBYRGÐ Á

Á árinu 2021 var gerð eftirfarandi breyting á 3. mgr. 20 gr. reglugerðar um bókhald, fjárhagsáætlunir og ársreikninga sveitarfélaga númer 1212/2015:

Byggðasamlög, sameignarfélag, sameignarfyrirtæki og önnur félagaform sem eru með ótakmarkaðri ábyrgð sveitarfélags, skulu færð inn í samantekin reikningsskil sveitarfélags miðað við hlutfallslega ábyrgð sveitarfélags, þ.e. sveitarfélag skal færa skal hlutdeild þess í einstökum liðum rekstrar og efnahags, óháð stærð eignarhluta.

Áhrif hlutdeildarfélaganna má sjá í listanum undir málaflokki 59. Þetta eru Sorpa, Strætó, Slökkviliðið og Heilbrigðiseftirlitið. Í rekstraryfirlitinu má sjá línu undir A-hluta sem heitir Hlutdeild minnihluta í afk. dótturfélaga og í rekstri og efnahag sýnir einn dálkurinn í A-hluta hlutdeild bæjarins í rekstri þessara félaga.

Við vinnslu fjárhagsáætlunar 2024 höfðu viðeigandi gögn ekki borist. Við seinni umræðu er hins vegar búið að færa þetta inn. Áhrifin eru þau að heildartekjur hækka um 3.563 m.kr. frá fyrri áætlun, starfsmannakostnaður um 1.533 m.kr., annar rekstrarkostnaður um 1.731 m.kr., fjármagnsliðir um 75 m.kr. og afskriftir hækka um 136 m.kr. Heildarniðurstaða í rekstri hækkar því um tæpar 90 m.kr.

TILLÖGUR AÐ BREYTINGUM Á MILLI FYRRI OG SEINNI UMRÆÐU

Við kynningu fjárhagsáætlunar í fyrri umræðu í bæjarstjórn kynnti bæjarstjóri tillögur að breytingum á fjárhagsáætlun sem teknar yrðu inn á milli fyrri og seinni umræðu í bæjarstjórn. Nettó áhrif þessara breytinga á rekstur bæjarins eru hækkun að fjárhæð 32,4 m.kr. á árinu 2024 en þar sem sumt af þessum breytingum eru einskíptis viðbætur eru áhrif þess á áætlun ársins 2025 mun lægri eða 4,8 m.kr.

Til viðbótar við þessar breytingar á áætluðum rekstrarreikningi er gert ráð fyrir hækkun á STOFNI að fjárhæð 50 m.kr. Áhrif á fjármagnskostnað af þessari hækkun í STOFNI eru óveruleg á árinu 2024 en gæti hafa lítil áhrif á fjármagnskostnað á árinu 2025, áætla má að það séu í kringum 3 m.kr.

Hér má sjá yfirlit yfir tillögurnar:

Breytingar á milli fyrri og seinni umræðu í fjárhagsáætlun			
Verkefni	Fjárhæð Stofn	Fjárhæð í reksti samtals	
		2024	2025
Nefndarkostnaður - dregið úr fundartíðni - lækkun áætlunar		-48.000.000	-48.000.000
Hagkvæmari innkaup - lækkun áætlunar - markmið sett um lækkun.		0	0
Velferðarsvið			
Rafræn fjárhagsaðstoð		2.000.000	0
Barnagreiðslur til foreldra á fjárhagsaðstoðar, hækkaðar um 15 þús. kr. á barn á mánuði. Úr 15. þús kr. í 30 þús. kr. - Velferðarsvið greiðir beint fyrir áskrift (fæði, leikskóla eða frístund).		7.800.000	7.800.000
Menntasvið			
Frístundastyrkur barna hækkaður, um þrjú þúsund krónur á ári, úr 56 þús. kr. í 59 þús. kr.		15.000.000	15.000.000
Virkni og vellíðan - verkefni kortlagt á árinu - fjármagn innan ramma		0	0
Stjórnsýslusvið			
Þjónustuapp - áframhaldandi þróun		5.600.000	0
Fjármálasvið			
Ráðgjöf og tímabundið viðbótarstöðugildi í bókhald		20.000.000	0
Umhverfissvið			
Fyrirbyggjandi viðhald		30.000.000	30.000.000
Fjárfesta í aðstöðu fyrir dagforeldra á gæsluvöllum	50.000.000	0	0
SAMTALS	50.000.000	32.400.000	4.800.000

NEFNDIR OG RÁÐ

Gert er ráð fyrir hagræðingu í nefndarkerfi bæjarins að fjárhæð 48 m.kr. á ári með því að draga úr fundartíðni nefnda og ráða og tryggja skilvirkari vinnubrögð innan stjórnsýslunnar. Fjárheimild einstakra sviða lækkar í samræmi við breytingar nefnda og ráða hvers sviðs. Fjöldi funda verður þá eftirfarandi

	2022	2023*	Áætlun 2024
Velferðarráð	17	13	14
Menntaráð	17	14	14
Skipulagsráð	23	17	óbreytt
Jafnréttis- og mannréttindaráð	9	9	8
Leikskólanefnd	10	10	8
Lista- og menningarráð	13	10	8
Íþróttaráð	10	9	8
Umhverfis- og samgöngunefnd	11	9	8
Hafnarstjórn	5	4	4
Öldungaráð	4	4	óbreytt
Ungmennaráð	6	6	óbreytt